

**144. fundur skólanefndar ME,
haldinn 19. mars 2019 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Steinunn Ásmundsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Halldór B. Warén.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Sigurlaug Eir Þórsdóttir f.h. nemenda.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar 143. fundar.
2. Gangurinn í starfinu
3. Fardagar – hvernig gekk
4. Tæknismiðja í ME – hvernig gengur
5. Fjárhagsmál – nemendasamsetning
6. Önnur mál
 - a. Markaðssetning ME – hvernig náum við í fleiri nemendur.

Skúli Björn setur fund kl. 17:05. Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 142

Fundargerð 143 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

2. Gangurinn í starfinu

Skólastarf er með hefðbundnu sniði. Seinni spönn nýhafin og fardagar nýliðnir.

Árni varpar upp skóladagatali næsta skólaárs og fer yfir helstu þætti þess. Hver spönn er 37 kennsludagar nema seinni vorspönn sem er 36 dagar. Jólaútskrift verður 21. des. Vorönn hefst 6. jan. og er gert ráð fyrir fardögum 4.-6. Mars. Að þessu sinni eru úrvinnslu-/undirbúningsdagar settir að fardögum loknum. Gert er ráð fyrir vorútskrft laugardaginn 23. maí.

Auglýst var eftir stærðfræðikennara í mars og einnig þýsku kennara. Umsóknarfrestur rennur út 25. mars.

Fyrirséð er að einn kennari fari í launað leyfi næsta haust. Ekki þarf að auglýsa stöðuna þar sem um tímabundið leyfi er að ræða.

3. Fardagar – hvernig gekk

Upp undir 100 nemendur af 170 dagskólanemum sóttu fardaga að þessu sinni dagana 6.-8. mars. Nokkur hópur var úti í löndum, s.s. knattspyrnuferð á Spáni, og í leikfélagsstörfum þessa daga. Árni varpar upp dagskrá fardaga.

HFBW
LSD
AHC

Sigurlaug nefnir að möguleikinn á að fara á milli skóla hafi ekki verið nágu vel kynntur. Hengja hefði mátt upp auglýsingar líkt og undanfarin ár í stað þess að styðjast eingöngu við tölvupóst og samfélagsmiðla. Aðeins einn nemandi kom sem gestur í ME og enginn ME-ingur fór í annan skóla.

Fardagar hafa verið teiknaðir inn í skóladagatal næsta árs en umræða fór fram á síðasta kennarafundi um að hafa þá með öðru sniði en verið hefur, jafnvel dreifa þeim um vorönn sem einhverskonar uppbrotsdögum.

4. Tæknismiðja í ME – hvernig gengur

Árni segir frá tæknismiðjunni og hvernig hún á eftir að auka nýjungar og fjölbreytni í skólastarfinu. Ýmsir áfangar sem þegar eru kenndir, s.s. grunnáfangi í listum, margmiðlun, ljósmyndun og annað nám sem passar vel í þetta umhverfi færast væntanlega þarna yfir - jafnvel allt listnám þegar fram í sækir. Rými í vistarbyggingu, sem hafa verið í takmarkaðri notkun undanfarin ár, verða notuð undir smiðjuna. Fjölnir Hlynsson hefur átt stærstan veg að framkvæmdunum ásamt Magnúsi Þórhallssyni og Erlendi Steinþórssyni.

Ákveðið hefur verið að Skólasjóður styrki framtakið um allt að 5 milljónir.

Í lok fundar ganga fundarmenn yfir í smiðjuna til að skoða stöðu framkvæmda.

5. Fjárhagsmál – nemendasamsetning

Árni rifjar lauslega upp afkomuna í rekstri skólans 2017 og 2018.

Nemendatölur voru sendar ráðuneyti nýverið auk spár um tölur næsta árs.

Árni varpar upp mynd sem sýnir hvernig fjöldi í dagskóla er að minnka og fjöldi í fjarnámi að aukast. Aðeins eru um 170 nemendur í dagskóla en tæplega 400 í fjarnámi eins og er. Í spám til ráðuneytis er gert ráð fyrir 250 nemendum í dagskóla næsta veturn og 350 í fjarnámi.

Umræður skapast um þessa þróun og einnig um notkun tækni í námi. Hugsanlegt næsta skref væri að auka áherslu á vendikennslu, s.s. taka upp fyrirlestra og setja á kennsluvef.

Nýrri mynd frá Fjármálaráðuneyti af af launþróun kennara varpað á skjá. Þar sést að ME er ennþá mjög ofarlega í grunnlaunum og einnig ofarlega í heildarlaunum.

6. Önnur mál.

a) Markaðssetning ME – hvernig náum við í fleiri nemendur.

Árni varpar upp hugkorti sem gert var á fundi Markaðssetningarhóps nýverið og sýnir hugmyndir um hvernig auka má aðráttarafl skólans.

Nemendabjónustan hefur verið mjög dugleg við að nýta sér samfélagsmiðla, s.s. facebook og instagram, til að kynna viðburði. Þar er komnir margir fylgjendur innan og utan skólans.

Miðvikudagsviðburðir eru nýbreytni í skólastarfinu en þá er kennslustund í tiltekinni blokk á miðvikudegi notuð í óhefðbundinn viðburð, s.s. sleðagleði, málþingi eða slíkt. Þetta er gert í 2-3 skipti á spönn.

Tæknismiðjan er tilraun til sérstöðu/nýbreytni í skólastarfinu sem vonandi verður til þess að laða fleiri nemendur að skólanum.

Í byrjun apríl verður boðað til fundar með foreldrum nemenda í elstu bekkjum grunnskóla á Austurlandi til að kynna skólastarfið. Grunnskólakynning verður á sínum stað á skólahreystidegi þann 10. apríl.

Sergio ensku kennari hefur tekið upp drónamyndir af skólanum sem birtar hafa verið á samfélagsmiðlum og heimsíðu. Umræður skapast um hvort gera ætti kynningarmyndband um skólann og hvort það ætti að vera í höndum nemenda eða fagmanna.

b) **Félagsstarf nemenda.**

Sigurlaug segir að fyrri vorspönn hafi verið róleg í almennu félagslífi en mikið að gera hjá leikfélagi. Frumsýning á Thriller var þann 16. mars og hefur góður rómur verið gerður að fyrstu sýningum.

Boðið var upp á skíðaferð til Akureyrar sem féll niður vegna lítillar skráningar. Nemendaráðið finnur fyrir því að nemendafjöldinn er lítill.

Nemendum verður boðið í hópferð í sund á morgun. Í næstu viku er nemendaball. Í fyrstu vika e. páskasins er góðgerðarvika með grillparty og tónleikum. Í bígerð er að panta skólafót fyrir ME-inga.

Barkinn fer fram 5. apríl og Söngkeppni framhaldsskólanna 13. apríl á Akranesi. Stemming fyrir Barkanum hefur minnkað mikið frá því sem áður var. Aðsókn hér hefur verið lítil og tiltölulega fáir farið á Akranes. Sigurlaug segir að nú eigi að reyna að bæta út þessu, m.a. með því að bjóða frítt inn á Barkann.

Lokaball verður í maí um sama leiti og við fáum erlenda nemendur í heimsókn vegna Erasmus verkefnis.

c) **40 ára afmæli skólans.**

ME heldur upp á fertugsafmæli á árinu og er fyrirhugað að fagna því í Valaskjálf 24. maí, kvöldið fyrir vorútskrift. Búið er að safna saman ýmsu efni frá fyrri tíð og stefnt að fyrverandi nemendur troði upp með tónlist, ljóðalestri og fleiru. Afmælið sjálft er í kringum 10. október og fyrirhugað að halda einnig fögnum í kringum þá dagsetningu. Einnig er unnið að útgáfu 50 síðna afmælisrits í Glettingi.

Umræður skapast um hvort stofna ætti til málþings um skólabróun í tilefni afmælisins þar sem m.a. væri tekin fyrir sérstaða ME, s.s. fjarnámið, spannakerfið og slíkt. Nefnt er að ME hafi líklega verið djarfari í tilraunastarfsemi en margir aðrir skólar. Lagt er til að fundarmenn hugsi út í fleiri innlegg fyrir afmælið.

Fundurinn endar á því að skólameistari sýnir fundarmönnum framkvæmdir í tæknismiðju og lýkur þeirri vettvangsferð um kl. 18:20.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 28. maí 2019.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.



*Hljóðvarð Þorsteinsson
Hljóðvarð Guðjónsdóttir
Hljóðvarður Wær*

